

G J A L D S K R Á**fyrir prófun búvéla.**

1. flokkur: Gjald kr. 6 000.00,
handverkfæri, handvagnar, brýnsluvélar.
2. flokkur: Gjald kr. 12 000.00,
jarðvinnslutæki, tengivagnar, hálfbelti og keðjur, sláttuvélar, snúnings-
vélar, múgavélar, færibönd, súgþurrkunarblásarar, rafgirðingar, garð-
sláttuvélar, drykkjarker.
3. flokkur: Gjald kr. 18 000.00,
áburðardreifarar, taliur, dælur, sniglar, ámoksturs- og hleðslutæki,
sláttutætarar, heyhleðsluvagnar, heybindividvélar, heyflutningsblásarar,
flokkunarvélar, sáð- og plöntunarvélar, hitunartæki til þurrkunar.
4. flokkur: Gjald kr. 24 000.00,
gröfuvélar, úðunartæki, upptökuvélar, heyþurrkunarkerfi.
5. flokkur: Gjald kr. 30 000.00,
traktorar, vélþurrkunartæki fyrir hey, kornþreskivélar.

Um önnur verkfæri en tilgreind eru hér að ofan skal prófunargjald ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í hverju einstöku tilfalli.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965 um Rannsóknastofnun landbúnaðarins og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. apríl 1976.

F. h. r.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

Guðmundur Sigþórsson.

A U G L Ý S I N G

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum
fyrir framleiðslutímabilið frá byrjun loðnuvertíðar til 29. febrúar 1976
annars vegar og frá 1. mars til loka loðnuvertíðar 1976 hins vegar.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá byrjun loðnuvertíðar til 29. febrúar 1976 annars vegar og frá 1. mars til loka loðnuvertíðar 1976 hins vegar:

Byrjun vertíðar til 29. febrúar 1976:

Loðnumjöl, \$ 4.99 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, \$ 325.00 fyrir hverja lest.

Verðbil fyrir loðnumjöl verður ekkert, en fyrir loðnulýsi 5%.

Verðin miðast við cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ = 170.90.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

1. mars til loka vertiðar 1976:

Loðnumjöl, § 5.37 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi, § 325.00 fyrir hverja lest.

Verðbil fyrir loðnumjöl verður ekkert, en fyrir loðnulýsi 5%.

Verðin miðast við cif., og gerast upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, § = 170.90.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

Sjávarútvegssráðuneytið, 29. apríl 1976.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón L. Arnalds

Nr. 143.

28. apríl 1976.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 98 24. mars 1975 fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hitaveitan hefir eignarrétt og viðhaldsskyldu á dreifiaðum sínum, svo og heimæðum og lögnum að vatnsmæli eða rennslishefli og telst dreifikerfið ná þangað og vera eign hitaveitunnar. Á langir sínar innanhúss, leggur hitaveitan til stofnloka, síur og stýrihemla.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Árni Snævarr

Nr. 144.

28. apríl 1976.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps, nr. 97 24. mars 1975.

2. gr. orðist þannig:

Hitaveita Mosfellshrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi htaveitunnar. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar, fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur á.